



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 9 starfsárið 2011 – 2012

Fundur var haldinn í stjórn SSA mánudaginn 3. september 2012. Fundurinn hófst kl. 16:00.
Fundarstaður: Miðvangur 2, Egilsstöðum.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Jón Björn Hákonarson, var í símasambandi við fundinn. Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengi var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Aðalfundur SSA 2012:

Farið var yfir drög að dagskrá aðalfundar SSA sem haldinn verður á Borgarfirði eystri dagana 14. og 15. september nk. Lagðar voru fram tillögur að málefnum sem tekinn verða fyrir á fundinum. Stjórnin skipti með sér verkum varðandi vinnu við drög að ályktunum sem lagðar verða fyrir fundinn.

Dagskrá aðalfundarins samþykkt. Þá var samþykkt að senda út til sveitarstjóra drög að tillögum og ályktunum sem lagðar verða fyrir fundinn.

2. Önnur mál:

- a) Samþykkt var að SSA sæki um IPA – styrk í samráði við Austurbrú. Framundan er kynning á Egilsstöðum 12. september nk. á IPA- styrkjum og þeim verkefnum sem styrkt verða. Ákveðið að biðja fram yfir kynningu með frekari ákvarðanir í málinu.
- b) Rædd var kostnaðarskipting Austurbrúar og SSA. Samþykkt var tillaga sem gildir út árið 2012 að SSA greiði 50% í verkefnastjóra, 25% í framkvæmdarstjóra og þátttaka í skrifstofukostnaði verði eftir samkomulagi sem gert verði við Austurbrú byggt á umfangi verksins.
- c) Tekið fyrir bréf frá Innanríkisráðuneytinu varðandi gerð „innanríkisstefnu landsmanna“. Samþykkt að ræða við önnur landshlutasamtök um samræma vinnu við verkið.
- d) Ákveðið var að fulltrúar úr stjórn SSA fundi á næstunni með hagsmunaaðilum á Austurlandi um skipulag Almenningsgangna.
- e) Stjórn SSA gerir ráð fyrir að funda daginn fyrir aðalfund á Borgarfirði eystri.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 19:00
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.